





Reykjavík, 12. júní 2025
USK25030427

Köllunarklettsvegur 1– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Birkis Árnasonar, dags. 31. mars 2025, um rekstur matvöruverslunar í hluta hússins á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG.



Loftmynd af svæðinu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin M18 - Köllunarklettur - Miðsvæði

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Klettasvæði, samþykkt 28.02.2000 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Í aðalskipulagi Reykjavíkur í kafla 19.5 er farið yfir heimildir fyrir matvöruverslanir.

Þar er tekið fram að á svæði M18 er ekki heimild fyrir matvöruverslun en heimild er fyrir minni dagvöruverslun. Matvöruverslun merkir hér verslanir sem selja neysluvörur til daglegra þarfa í öllum helstu vöruflokkum.

Minni dagvöruverslanir er s.s. bakarí, fiskbúðir, kjötbúðir og aðrar ferskvöruverslanir

Niðurstaða

- Neikvætt, það er ekki heimild fyrir matvöruverslun innan reits M18 í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.